

Ár 2007, föstudaginn 22. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp úrskurður í máli nr. E-59/2007:

Pappi.is ehf.

(Þorbjörg Inga Jónsdóttir, hrl.)

gegn

Á. K. húsum ehf.

(Herdís Hallmarsdóttir, hdl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um frávísunarkröfu stefnda 31. maí s.l., höfðar Pappi.is ehf., kt. 000000-0000, Flugumýri 14, Mosfellsbæ með stefnu birtri 29. janúar s.l.

Stefndi er Á. K. hús ehf., kt. 000000-0000, Kálfhólum 5, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 674.583 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af stefnufjárhæð frá 6. apríl 2006 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi krefst þess aðallega að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi og er sá þáttur málsins til úrlausnar hér. Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Í stefnu er krafa stefnanda sögð byggð á reikningi vegna verks stefnanda fyrir stefnda við lagningu þakpappa að Fossvegi 8 og 10 á Selfossi og segir að þetta sé lokareikningur vegna verksins og feli í sér uppgjör milli aðila vegna þess. Reikningurinn hafi verið sendur stefnda við útgáfu og síðan hafi innheimtubréf lögmanns verið sent 9. júní 2006 án þess að mótmæli hafi borist við kröfunni frá stefnda. Byggir stefnandi á því að stefndi hafi samþykkt kröfuna eins og hún hafi verið fram sett í stefnu, en hún sé enn ógreidd. Reikningurinn er sagður gefinn út 6. apríl 2006 með eindaga sama dag. Hafi skuldin ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi vísar til meginreglu kröfuréttarins um efnidir fjárskuldbindinga sem fái stöð í ákvæðum laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og ákvæðum laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Um gjalddaga kröfunnar er vísað til sömu laga. Dráttarvaxtakröfur eru reistar á lögum nr. 38/2001 og krafa um málskostnað er studd við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Þá er um varnarþing vísað til 33. gr. sömu laga.

Stefnandi hefur lagt fram reikning nr. 46 dagsettan 6. apríl 2006 og stílaðan á stefnda. Í texta reikningsins er sagt að um sé að ræða bakfærðan afslátt vegna

Fossvegur 8, Selfossi, 216.427 krónur og bakfærðan afslátt vegna Fossvegur 10 sama stað, 325.407 krónur, samtals 674.583 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá er er tilgreint reikningsnúmer sem leggja skal inn á. Þá er lagt fram skjal sem kallað er samstarfssamningur aðila dagsettur 13. maí 2005.

Stefndi lýsir málavöxtum svo að hann hafi reist tvö fjölbýlishús við Fossveg 8 og 10 á Selfossi. Hafi stefnandi gert tilboð í þakefnalögn á húsin og samkvæmt því skyldi leggja heilsoðinn dúk á allan þakflötinn, upp á kantana og ganga frá dúknum með hefðbundnum hætti. Skyldi stefndi samkvæmt tilboðinu greiða 5.994.000 krónur vegna verksins og var tekið fram að virðisaukaskattur væri innifalinn í verðinu. Þegar gengið hafi verið frá samstarfssamningi vegna verksins hafi verið gefinn afsláttur af tilboðsverði og skyldi heildarverð efnis og vinnu fyrir fyrra húsið vera 5.755.000 krónur en fyrir síðara húsið 5.635.000 krónur. Verðbréfastofan hafi ábyrgst greiðslur til stefnanda og nemi greiðslur vegna Fossvegur 8 samtals 6.800.524 krónum, þar af telur stefndi sig hafa ofgreitt 1.045.524 krónur vegna ruslageymslu og stigahúss. Stefndi mótmælir því að um aukaverk hafi verið að ræða. Þá hafi greiðslur vegna Fossvegur 10 numið samtals 7.211.724 krónum og telur stefndi sig því hafa ofgreitt vegna þessa verkþáttar 1.576.724 krónur. Stefndi hafnar því einnig í þessu tilviki að um aukaverk hafi verið að ræða. Þá telur stefndi að eftir að framkvæmdum hafi lokið hafi komið í ljós leki í báðum húsum og hafi orsök hans verið m.a. óforsvaranlegur frágangur á þakefnalögn. Þegar stefndi hafi selt húsin til þriðja aðila hafi orðið að vinna þakefnalögn að nýju. Segist stefndi hafa heimildir fyrir því að stefnandi hafi unnið það verk og krafist fullrar greiðslu fyrir þá framkvæmd, þrátt fyrir að um lagfæringu á eigin verki hafi verið að ræða. Stefndi hafnar þeim skilningi stefnanda að samkvæmt samningi aðila hafi verið skilyrt að veittur yrði afsláttur vegna samninga um fleiri framkvæmdir og því sé um bakfærðan afslátt að ræða.

Stefndi byggir frávísunarkröfuna á því að á skorti að hann geti gert sér skýra grein fyrir sakarefninu og þeim atvikum sem búi að baki kröfunni. Engin grein sé gerð fyrir málsatvikum í stefnu að öðru leyti en því að um sé að ræða reikning vegna verks við lagningu þakpappa og sé málatilbúnaðurinn þannig að um sé að ræða lokasamningsgreiðslu vegna verksins. Hins vegar komi fram á hinum framlagða reikningi að um bakfærðan afslátt sé að ræða. Fjárhæðir hans séu með engu móti skýrðar og ekki verði ráðið af málatilbúnaði stefnanda hvernig fjárhæð kröfunnar sé fundin. Sé því um að ræða misræmi í málatilbúnaði í stefnu og þeim gögnum sem hún sé studd auk þess sem erfitt sé að átta sig á umkrafinni fjárhæð. Þá sé í engu reynt að skýra hvaða atvik verði til þess að stefnandi telji sig eiga kröfu á hendur stefnda og þá séu ekki sett fram þau gögn sem nauðsynlegt hefði verið við málshöfðun. Stefnanda beri að setja kröfur sínar fram með ákveðnum og ljósum hætti en verulega skorti á skýrleika málatilbúnaðar svo og á hvaða grundvelli kröfurnar séu byggðar. Þá sé tilvísun til réttarreglna ekki til skýringa á málatilbúnaði stefnanda og bendir stefndi á að lög um lausafjárkaup eigi ekki við um sakarefni og því síður lög um þjónustukaup, enda sé stefndi ekki neytandi í skilningi 3. mgr. 1. gr. laganna. Þá færi stefnandi ekki fram sönnunargögn fyrir stefnukröfum með viðhlítandi hætti. Stefndi telur þessa framsetningu stefnanda leiða til þess að dómkröfur séu óskiljanlegar, sakarefni óljóst og sönnunarfærslan ófullnægjandi. Málatilbúnaður stefnanda sé ekki í samræmi við e, f og g-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 og beri því að vísa málinu frá dómi.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og honum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins. Stefnandi vísar til sammings aðila þar sem allt sem skipti máli sé nægilega tilgreint. Ekki hafi verið settur pappi á fleiri en tvö hús og því hafi verið gerður lokareikningur og afsláttur bakfærður. Engin mótmæli hafi borist við innheimtubréfi og því hafi stefnandi litið svo á að um einfalt innheimtumál væri að ræða sem byggist á reikningi sem ekki hafi verið mótmælt.

Niðurstaða.

Eins og rakið hefur verið hér að framan er lýsing á lögskiptum aðila frekar takmörkuð. Þá kemur fram í stefnu að um lokareikning sé að ræða sem feli í sér uppgjör milli aðila vegna verksins. Þessi lýsing er hins vegar ekki í samræmi við texta reikningsins þar sem fram kemur að um bakfærðan afslátt sé að ræða. Samkvæmt e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 skal greina í stefnu svo glöggst sem verða má málsástæður sem stefnandi byggir málsókn sína á, svo og önnur atvik sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, en þessi lýsing skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið er. Verulega skortir á að stefna í máli þessu fullnægi þessum skilyrðum en brýna nauðsyn bar til að gera nánari grein fyrir málsgrundvellingnum svo stefndi velkist ekki í vafa um hann. Verður því ekki hjá því komist að vísa máli þess frá dómi.

Með hliðsjón af þessum úrslitum verður stefnanda gert að greiða stefnda 150.000 í málskostnað.

Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Papp.is ehf., greiði stefnda, Á. K. húsum ehf., 150.000 krónur í málskostnað.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.